

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 589/1994.

1. gr.

Á eftir 8. tölulið í X. viðauka komi nýir töluliðir 9-11 sem orðist svo:

- 9) CTR 7: ERMES viðtæki (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 95/290/EBE): um notendabúnað, sem tengist Almennu samevrópsku boðþjónustunni (ERMES).

Samhæfði staðallinn er:

TBR 7 - september 1994 (að formála undanskildum).

- 10) CTR 8: ISDN 3,1 kHz (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 95/526/EBE): um notendabúnað, sem tengist Samnetinu (ISDN) og veitir talsímaþjónustu með 3,1 kHz.

Samhæfði staðalinn er:

TBR 8 - september 1994 (að formála undanskildum).

- 11) CTR 11: DECT, (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 95/525/EBE): um notendabúnað fyrir Evrópska stafræna og þráðlausa fjarskiptakerfið (DECT), kröfur varðandi almenna tengingu (Public Access Profile, (PAP).

Samhæfði staðalinn er:

TBR 11 - september 1994 (að formála undanskildum).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 og með hliðsjón af ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 24. júní 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

1. júlí 1997

Nr. 438

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu og innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir á íbúð á ári:	kr.
Sorphreinsunargjald	3.000
Sorpeyðingargjald	3.000

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til að öðlast gildi nú þegar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er sorphirðugjald á íbúð á mánuði fyrir það sem eftir er af árinu 1997 sem hér greinir:

	kr.
Sorphreinsunargjald	250
Sorpeyðingargjald	250

Umhverfissráðuneytinu, 1. júlí 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit.

1. gr.

Á eftir 4 tl. 12. gr. komi nýr tl., 5. tl.:

„5. Siglingastofnun Íslands gefur út kennivottorðið sem kveðið er á um í 4. tl. Kennivottorðið skal vera á ensku og innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- Nafn Siglingastofnunar Íslands.
- Fullt nafn handhafa kennivottorðsins.
- Nýlega mynd af handhafa kennivottorðsins.
- Undirskrift handhafa kennivottorðsins.
- Yfirlýsingu þess efnis að handhafi kennivottorðsins hafi leyfi til að framkvæma skoðanir í samræmi við þessa reglugerð.“

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 96/40/EB frá 25. júní 1996 um kennivottorð fyrir skoðunarmenn sem annast hafnarríkiseftirlit staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 27. júní 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.